

FUNDARGERÐ

Nefnd: Starfsmatsnefnd
Efni: *172. fundur*
Viðstaddir: Ragnhildur Ísaksdóttir; Elín Valgerður Margrétardóttir;
Atli Atlason; Jakobína Þórðardóttir; Ragnar Ólason;
Anna Lilja Magnúsdóttir; María Rúnarsdóttir; Auður Lilja Erlingsdóttir;
Bjarni Bjarnason; Steinvör Laufey Jónsdóttir.

Fundardagur: 04/10/2016
Tími: 10:00 - 10:30
Fundarstaður: Verkefnastofa Starfsmats, Vonarstræti 4

Á dagskrá:

I. Afgreiðsla starfa:

Mál nr. 2012 - 85 VEL.2689/2690/2020.verkefnastjóri þekkingarmiðstöð 1. **Afgreiðslu frestað.**
Mál nr. 2012 - 85 VEL.2689/2690/2020.verkefnastjóri þekkingarmiðstöð 2. **Afgreiðslu frestað.**

Bókun: María Rúnarsdóttir fulltrúi Félagsráðgjafafélags Íslands er mjög óánægð með þær tafir sem verið hafa á afgreiðslu þessa máls (nr. 2012 – 85) og þá sérstaklega þetta síðasta ár þar sem kerfisbundinni endurskoðun var þá lokið og ekki lengur hægt að kenna því um.

Mál nr. 2016 – 168. VEL.2020.verkefnastjóri gæða- og rannsóknna. Tillaga að mati 638 stig.
Afgreiðsla samþykkt.

II. Önnur mál.

Samþykkt var að bæta við matslínu fyrir starfið MOF.2020.verkefnastjóra 2 þar sem munur er á verkefnum starfsmanna í starfinu og er þessi nýja matslínan meira lýsandi fyrir það starf en ekki er um að ræða neina breytingu á matsniðurstöðu starfsins.

Endurskoðun á Starfsreglum starfsmatsnefndar er lokið og þær samþykktar. Hægt er að skoða þær á heimasíðu starfsmatsins.

Fleira var ekki á dagskrá fundi slitið kl. 10.30.

Ath: Niðurstöður Starfsmatsnefndar á mati starfa eru sendar til launadeildar og starfsmannastjóra viðkomandi sviða og birtar á heimasíðu starfsmatsins <http://www.starfsmat.is> við fyrsta tækifæri.